um verðflokkun á nýjum fiski.

Flm.: Lúðvík Jósefsson, Karl Guðjónsson.

1. gr.

Þegar framkvæmd er verðflokkun á nýjum fiski, sem seldur er upp úr fiskiskipi, skal verðflokkunin miðast við þrjá gæðaflokka samkvæmt reglum ferskfiskeftirlitsins, þannig að í fyrsta verðflokki verði fiskur, sem er gallalaus, í öðrum verðflokki fiskur, sem ekki er hæfur til frystingar, en hæfur í saltfisk- og skreiðarverkun, og í þriðja verðflokki óvinnsluhæfur fiskur, t. d. fiskur, sem ber merki um súr eða ýldu eða er morkinn úr netum. Óheimilt er að flokka fisk eftir öðrum reglum. Þó getur nefnd sú, er um ræðir í 2. gr., ákveðið allt að 12% verðlækkun á smáfiski vegna vinnslukostnaðar.

2. gr.

Fiskverð í hverjum verðflokki skal ákveðið af nefnd fisksölu- og fiskkaupaaðila. Ráðherra skipar nefndina eftir tilnefningu eftirtalinna aðila þannig:

A. Af hálfu fisksöluaðila:
3 fulltrúar tilnefndir af Landssambandi íslenzkra útvegsmanna.
3 fulltrúar tilnefndir af Alþýðusambandi Íslands.
B. Af hálfu fiskkaupenda:
3 fulltrúar tilnefndir af Sölumiðstöð hraðfrystihúsanna.
1 fulltrúi tilnefndur af Sambandi íslenzkra samvinnufélaga.
1 fulltrúi tilnefndur af Samlagi skreiðarframleiðenda.
1 fulltrúi tilnefndur af Sölusambandi íslenzkra fiskframleiðenda
Nefndin starfar undir handleiðslu sáttasemjara ríkisins í vinnudeilum.

Nú næst ekki samkomulag nefndarmanna um fiskverðið, og tekur þá sáttasemjari ríkisins sæti í nefndinni, og fellir hún úrskurð þannig skipuð.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi og gilda til ársloka 1961.

Greinargerð.

Frumvarp þetta er flutt af því sérstaka tilefni, að skapazt hefur hið alvarlegasta ástand í atvinnulífi þjóðarinnar vegna ágreinings um verðflokkun á nýjum fiski.

Tilefni þessa ágreinings er það, að stjórnendur L.Í.Ú. og stjórnendur nokkurra fiskkaupasamtaka hafa gert tillögur að verðflokkun á fiski. Fjöldi útvegsmanna getur ekki fallizt á þessar flokkunarreglur. Þannig hafa útvegsmenn í Vestmannaeyjum, stærstu verstöð landsins, neitað að hefja sjóróðra, ef verðflokkun ætti að byggjast á þessum reglum, og samtök útvegsmanna víðs vegar um landið hafa einnig mótmælt þeim.

Meðal sjómanna er ekki síður mikil andstaða gegn reglum þessum, og hafa kjarasamningar víða ekki fengizt samþykktir í samtökum sjómanna af þeim sökum.

Vegna þessa er útvegurinn víða um land stöðvaður, og sér ekki fyrir endann á þeim deilum.

Verðflokkunartillögur stjórnenda L.Í.Ú. og fiskkaupenda eru í aðalatriðum byggðar á því að verðleggja fisk eftir því, með hvaða veiðarfærum hann er veiddur og á hvaða árstíma. Reglur þessar eru því ekki byggðar á gæðamati og víkja í verulegum atriðum alveg frá því.

Augljósir ágallar á verðflokkunartillögunum eru margir, og má t. d. nefna þessa:

1. Handfærafiskur getur samkvæmt reglunum aldrei orðið í verðhæstu flokkunum, hversu góður sem hann er, þótt alltaf hafi verið talið, að betri fisk sé ekki unnt að fá en vel með farinn færafisk.
2. Ýsa, sem jafnan hefur verið með verðmesta bolfiski, er hér veiðist, er svo til öll verðfelld um 12—17%. Verð á beztu ýsu verður þannig 40—60 aurum lægra hvert kg en verð á þorski, og er það í öfugu hlutfalli við útflutningsverð á frystum fiski.
3. Bezti netafiskur getur aldrei samkvæmt reglum þessum komizt hærra en í 3. verðflokk. Slíkur fiskur er þó seldur sem úrvalsfiskur á kröfuhæstu markaði erlendis.
4. Þá er gert ráð fyrir því, að sumarveiddur fiskur sé verðfelldur um 12—17%. Yrði á þann hátt verðfelldur fiskur smábáta, sem oft og tíðum flytja að landi úrvalsfisk.

Verðflokkunarkerfið fyrirhugaða er nýtt af nálinni og hefur ekki þekkzt hér áður. Engin andmæli hafa heyrzt um það, hvorki frá útvegs- né sjómönnum, að verðmismunun sé gerð á fiski eftir gæðum hans, þótt þeir uni ekki verðflokkun, sem byggð er á allt öðrum grunni, þótt þar sé gæðamat haft að yfirvarpi.

Með frumvarpi þessu er gert ráð fyrir, að verðflokkun fisks verði algerlega byggð á gæðamati ferskfiskeftirlits ríkisins, en í reglum þeirrar stofnunar er einmitt ákveðin sú þriggja stiga gæðaflokkun, sem í frumvarpi þessu er lagt til að

verði einnig verðflokkun. Flokkunarákvæði þessa frumvarps eru tekin beint upp úr 37. grein reglugerðar um ferskfiskeftirlit, útgefinnar hinn 13. jan. 1961.

Samkvæmt reglum þeim, sem þetta frumvarp gerir ráð fyrir, yrði allur gallalaus fiskur, í hvaða veiðarfæri sem hann er veiddur og á hvaða tíma sem er, í hæsta verðflokki. Þannig mundi allur fiskur, sem frystur er og útfluttur sem 1. flokks vara, verðleggjast í samræmi við það. Í 2. verðflokk félli svo allur sá fiskur, sem ekki er talinn hæfur í frystingu, en þó nægilega góður til saltfiskverkunar eða í skreið. Í 3. og lægsta verðflokk færi aðeins sá fiskur, sem ekki er vinnsluhæfur til manneldis og unninn yrði í fiskmjöl eða í dýrafóður.

Lagt er til í frumvarpinu, að sérstök nefnd þeirra aðila, er mestra hagsmuna eiga að gæta varðandi verðlagningu á nýjum fiski, skuli semja um verð á hverjum einstökum gæðaflokki. Gert er ráð fyrir því, að nefndin verði skipuð jafnmörgum fulltrúum seljenda og kaupenda.

Lagt er til, að fulltrúar fiskseljenda séu tilnefndir annars vegar af Alþýðusambandi Íslands sem heildarsamtökum sjómanna og hins vegar af Landssambandi ísl. útvegsmanna sem samtökum fiskiskipaeigenda. Að sjálfsögðu er til þess ætlazt, að fulltrúar fiskseljenda séu aðilar, sem ekki eru jafnframt fiskkaupendur eða eigendur fiskkaupafyrirtækja.

Á hliðstæðan hátt er gert ráð fyrir, að fulltrúar kaupenda verði tilnefndir af stærstu heildarsamtökum fiskkaupenda.

Þar sem vandamál það, sem frumvarpið fjallar um, er á óbeinan hátt í tengslum við kjaramál sjómanna og útvegsins, þótt ekki verði það leyst með samningi milli þeirra aðila einna, er lagt til í frumvarpinu, að sáttasemjari ríkisins skuli hafa hönd í bagga með störfum samninganefndar þeirrar, er endanlega ákveður fiskverðið.

Flutningsmenn leggja á það mikla áherzlu, að frumvarp þetta geti fengið hraða afgreiðslu á Alþingi, þar sem með samþykkt þess og framkvæmd mætti leysa deilur þær, sem nú eru uppi og trufla atvinnulífið vegna ágreinings um verð á nýjum fiski.